

Árið 2016 í tölum

Alls luku 516 einstaklingar raunfærnimati árið 2016. Þetta er nokkur fjölgun frá árinu 2015 en þá luku 450 raunfærnimati. Meðaltalsfjöldi þeirra sem luku raunfærnimati árin 2010 – 2016 er 449. Annað árið í röð eru fleiri sem ljúka raunfærnimati á brautum sem ekki telst til iðngreina. Árið 2016 luku 20 einstaklingar raunfærnimati (4%) sem ekki voru með íslenskt ríkisfang.

Hópur	Fjöldi	Hlutfall	Meðalaldur	Meðalfjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar
Starfsnámsbrautir	252	49%	41,8	38,2	9.631	58%	43%
Iðngreinar	232	45%	38,3	49,6	11.514	12%	88%
Viðmið atvinnulífs	32	6%	32,8	Á ekki við		5%	84%
Samtölur	516	100%	39.7		21.145	34%	66%

Frá árinu 2004 hafa 3.952 einstaklingar lokið raunfærnimati. Markhópur framhaldsfræðslunnar (þau sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla) er um 28% fólks á vinnumarkaði og telur því um 55.000 Því hafa 7.2% af markhópi framhaldsfræðslunnar lokið raunfærnimati. Mikilvægt er að muna að þetta hlutfall sýnir aðeins þau sem hafa lokið raunfærnimati, ekki hversu margir hófu eða luku námi að loknu raunfærnimati.

INNA – skráning eininga úr raunfærnimati

Frá og með árinu 2016 verða allar einingar sem eru staðfestar í raunfærnimati skráðar beint í INNU. Undanfarið hafa FA og IÐAN fræðslusetur, ásamt Advania verið að prufukeyra kerfið og hefur það gengið vel. Í byrjun apríl koma upplýsingar frá FA til miðstöðva um innleiðingu og þjálfun.

Uppfærsla á gát- og skimunarlistum

Nú er hægt að sækja til Fræðslusjóðs um fjármagn til að uppfæra gát- og skimunarlista allt árið. Eru umsóknir teknar fyrir á mánaðarlegum fundum sjóðsins. Þannig er hægt að bregðast hraðar við breytingum á viðmiðum, til dæmis í námskrám. Áður en raunfærnimatsverkefni eru sett af stað er um að gera að hafa samband við Hauk hjá FA og meta þörf á endurskoðun.

Myndband um raunfærnimat

Minum á myndband um raunfærnimat sem er að finna á heimasíðu FA (efni fyrir fagaðila) og á vef Framhaldsfræðslunnar. Myndböndin hafa reynt vel á kynningarfundum og rafrænum auglýsingum.

Breyting á greiðslukerfi fyrir árið 2017

Á fundi Fræðslusjóðs 14. desember 2016 voru samþykktar breytingar á greiðslumódeli fyrir raunfærnimatsverkefni. Framlag til raunfærnimats á móti námskrám byggist á föstu grunngjaldi fyrir þátttakanda sem lýkur raunfærnimati, ásamt framlagi fyrir staðnar einingar. Ekkert þak er lengur á fjölda eininga en vægi þeirra minnkað. Upplýsingar um krónutölur er að finna á vef FA (Fræðslusjóður/skilmálar og upplýsingar) og upplýsingar hafa verið sendar út til framkvæmdastjóra